

Fjarvera vegna alvarlegra veikinda nánna ættingja.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi reglu sem mun falla undir reglur og samþykkir Vestmannaeyjabæjar:

Starfsmenn Vestmannaeyjabæjar geta fengið fjarveru greidda í allt að tvær vikur á ári á venjubundnum launum vegna **alvarlegs** sjúkdóms eða slyss nákomins ættingja ef slíkt krefst nærveru starfsmanns. Nákominn ættingi/aðstandandi telst vera maki, börn, foreldrar.

Með þessu ákvæði ákveður Vestmannaeyjabær að ganga lengra en kveðið er á um í kjarasamningum. Þar með er um að ræða viðbót við gildandi kjarasamninga.

Samþykkt í bæjarráði 10. október 2012